

## L Ö G

36

19. júní

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir orðunum „5 fulltrúum“ í fyrstu málgr. 3. gr. l. nr. 49 23. júní 1932 (6. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911) komi: og 5 varafulltrúum.

## 2. gr.

Aftan við 10. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911 bætist:

Gjöld þessi hafa forgangsrétt samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna, og eru skipagjöldin auk þess tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í eitt ár fyrir samningsveði í skipinu.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*